

Ed.

263. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um eftirlaun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni á Ísafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefndin hefir athugað ofangreinda tillögu og getur ekki fallist á hana óbreytta. Það að veita pósti þeim, sem hjer um ræðir, svo há eftirlaun sem farið er fram á í tillögunni, telur nefndin að draga mundi fleiri en einn dilk á eftir sjer. Aðrir uppgjafapóstar mundu telja sig misrjetti beitta, ef eftirlaun þeirra væru ekki hækkuð að sama skapi. Og er bersýnilegt, að ekki yrði staðið á móti kröfum þeirra í þeim efnun. En væri farið að hækka að miklum mun eftirlaun allra uppgjafapósta, yrði ósamræmið milli eftirlauna þeirra og eftirlauna flestra annara starfsmanna þjóðfélagsins alláberandi, auk þess sem slík regla mundi leiða til þess, að margir póstar mundu fyr en ella losa sig við starfann og leggja kapp á að komast á eftirlaun.

En þótt nefndin geti þannig ekki, af framangreindum ástæðum, fallist á tillögunu eins og hún liggur fyrir, þá þykir henni rjett, þar sem svo má álíta,

að hið breytta fyrirkomulag á póstferðunum á milli Ísafjarðar og Hjarðarholts geri pósti þeim, sem hjer ræðir um, ókleift að hafa þessar ferðir lengur á hendi, að honum sjeu einhverjar bætur veittar, er skoða megi sem nokkurs konar biðlaun. Þykir nefndinni þær bætur hæfilega settar 1000 kr. á ári í þrjú ár, en eftir þann tíma fái umræddur póstur eftirlaun eftir sama mælikvarða og aðrir upp-
gjafapóstar.

Nefndin leggur því til, að á þingsályktunartillögunni sje gerð svo feld

BREYTING.

Í stað orðanna »1000 kr. eftirlaun á ári« komi :
1000 kr. á ári í þrjú ár eftir að hann lætur af póststörfum.

Alþingi, 28. maí 1918.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari.

M. J. Kristjánsson. Karl Einarsson. Hjörtur Snorrason.